

**REGLUR UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG
FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA**

16. mars 2020

I. kafli Almennt

1. Tilgangur

Tilgangur reglna þessara er að draga úr hættu á að þjónusta lífeyrissjóðsins verði misnotuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi.

Reglurnar eru settar með hliðsjón af lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og lögum nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum.

Reglurnar taka mið af starfsemi lífeyrissjóðsins, löggjöf varðandi skyldutryggingu lífeyrisréttinda og áhættumati lífeyrissjóðsins. Felur það í sér að áreiðanleikakannanir og reglubundið eftirlit og aðrar ráðstafanir taka mið af mati lífeyrissjóðsins á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Lífeyrissjóðurinn hefur útvistað hlutverki ábyrgðarmanns skv. 34. gr. laga nr. 140/2018 til regluvarðar Arion banka.

2. Meginreglur

Þekktu viðskiptavininn

Fulltrúar lífeyrissjóðsins skulu gæta þess að framkvæmd hafi verið fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður en fjármunir eru greiddir til viðskiptamanns.

Láttu vita

Fulltrúar skulu ætíð vera á varðbergi gegn óeðlilegum eða grunsamlegum viðskiptum eða háttarni og tilkynna regluvörslu ef upp kemur grunur um að viðskipti kunni að tengjast refsiverðu lögbroti, án þess að upplýsa viðskiptavin eða óviðkomandi um slíkar tilkynningar.

Leggðu þitt af mörkum

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru breytilegar, enda nauðsynlegt að sérsníða þær eftir fjölmörgum ólíkum aðstæðum á ólíkum tímum. Lífeyrissjóðurinn leggur því áherslu á fulltrúar sækja reglulega fræðslu og leiti eftir leiðbeiningum, ráðgjöf og stuðningi regluvörslu eftir þörfum. Þá skulu fulltrúar leitast við að koma á framfæri ábendingum um umbætur eða áhættur sem þeir verða áskynja í störfum sínum.

II. kafli Könnun á áreiðanleika

3. Áreiðanleikakönnun

Tilgangurinn með framkvæmd áreiðanleikakönnunar er margþættur. Ferlið felur í sér öflun tiltekinna grunnupplýsinga sem eru nauðsynlegar til að viðhalda eðlilegu viðskiptasambandi, auk þess að tryggja að aðili sé sá sem hann segist vera og sé raunverulegur réttshafi. Upplýsingar um viðskiptamenn eru notaðar til að meta hvort það sé heimilt að eiga í viðskiptasambandi við viðkomandi aðila, með hliðsjón af alþjóðlegum viðskiptaþvingunum eða hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Lífeyrissjóðurinn skal kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna í eftirtöldum tilvikum:

- áður en lífeyrir er fyrst greiddur til lífeyrisþega,
- áður en lán er veitt,
- ef grunur leikur á að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða,
- ef vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða áreiðanlegar.

4. Upplýsingar sem skal afla vegna könnunar á áreiðanleika

Viðskiptamaður skal sanna á sér deili með viðurkenndu persónuskilríki.

Auk þess skal afla eftirfarandi upplýsinga um viðskiptamann, eftir því sem við á:

- fullt nafn og kennitölu,

Handwritten initials and signatures in blue ink, including "E", "BP", and a large "A" or "B" mark.

- b) heimilisfang,
- c) símanúmer og netfang,
- d) númer bankareiknings á kennitölu viðskiptamanns í fjármálafyrirtæki á Íslandi.

Framkvæma greiðslumat áður en lán eru veitt, þar sem m.a. er aflað upplýsinga um uppruna fjármuna sem notaðir verða til að endurgreiða lán, auk þess sem kanna skal sérstaklega hvort sjóðfélagi teljist í áhættuhópi vegna stjórnáttengsla. Lánveiting til viðskiptamanns í áhættuhópi vegna stjórnáttengsla er háð samþykki framkvæmdastjóra og skal haldin sérstök skrá um yfir samþykki/synjanir framkvæmdastjóra.

Í tilvikum útgreiðslu til erlendra ríkisborgara utan EES vegna flutninga frá Íslandi skal framkvæma aukna áreiðanleikakönnun sem felur m.a. í sér athugun á greiddum iðgjöldum viðkomandi ásamt staðfestingu á búflutningum.

Fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamenn skulu uppfærðar ef í ljós kemur að þær eru rangar eða úreltar og frekari upplýsinga aflað eftir því sem þörf krefur.

5. Takmarkanir á viðskiptum

Óheimilt er að greiða út fjármuni til viðskiptamanns nema framkvæmd hafi verið fullnægjandi áreiðanleikakönnun á honum í samræmi við þessar reglur.

Lífeyrissjóðurinn tekur ekki við reiðufé og eingreiðslur á iðgjöldum (lump sum) eru óheimilar.

Einungis er heimilt að greiða fjármuni inn á bankareikning á kennitölu viðskiptamanns í fjármálafyrirtæki á Íslandi.

Skylt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð á grundvelli laga nr. 64/2019 um frýstingu fjármuna.

III. kafli

Reglubundið eftirlit og tilkynningaskylda

6. Reglubundið eftirlit

Lífeyrissjóðurinn og fulltrúar hans skulu hafa reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn til að ganga úr skugga um að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar og að þjónusta sjóðsins sé ekki misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Reglubundið eftirlit felur m.a. í sér eftirfarandi:

- a) eftirlit með framkvæmd áreiðanleikakannana,
- b) eftirlit með hvort endurgreiðslur lána séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar,
- c) eftirlit með óvenjulegum viðskiptum,
- d) eftirlit með viðskiptaþvingunum.

7. Tilkynningaskylda, stöðvun viðskipta og þagnarskylda

Sérhverjum fulltrúa lífeyrissjóðsins er skylt að tilkynna regluverði skriflega ef upp koma grunsemdir um að viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, s.s. vegna óvenjulegrar háttsemi viðskiptamanns, ef viðskiptamaður er tregur til að veita umbeðnar upplýsingar eða ef óvenjuleg viðskipti eru talin grunsamleg. Í tilkynningu skal koma fram nafn þess aðila sem sendir tilkynninguna, nafn og kennitala þeirra aðila sem tilkynning snýr að og greinagóð lýsing á því athæfi sem þykir grunsamlegt. Ekki er gerð krafa um vitneskju eða rökstuddan grun, né þarf fulltrúi að mynda sér skoðun á því hvers konar afbrot kunni að liggja að baki.

Gruni fulltrúa lífeyrissjóðsins að fyrirhuguð viðskipti tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, skal forðast að framkvæma umbeðin viðskipti, eftir því sem unnt er. Ef viðskipti hafa ekki verið framkvæmd skal geta þess sérstaklega í tilkynningu til regluvörslu og skulu viðskipti ekki framkvæmd nema að höfðu samráði við regluvörslu.

Lífeyrissjóðnum og fulltrúum hans er með öllu óheimilt að veita viðkomandi viðskiptamanni eða öðrum utankomandi aðila vitneskju um grunsemdir sínar.

Lífeyrissjóðurinn skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda þá fulltrúa sjóðsins sem tilkynna um grunsemdir sínar fyrir hótunum eða öðrum fjandsamlegum aðgerðum sem má rekja til slíkra tilkynninga.

8. Tilkynningar til yfirvalda

Regluvörður skal athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka og kanna bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er. Gögn sem aflað er samkvæmt framangreindu skulu vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota megi þau sem sönnunargögn í refsímáli. Regluvörður leggur sjálfstætt mat á fyrirliggjandi upplýsingar og áreiðanleika þeirra og ákveður hvort senda skuli tilkynningu til lögreglu.

Telji regluvörður að athugun lokinni að grunur leiki á að slík viðskipti tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, skal hann þegar í stað tilkynna lögreglu skriflega þar um.

Í tilkynningu til lögreglu skal koma fram greinargóð lýsing á niðurstöðum athugunar regluvarðar, ásamt afriti af öllum nauðsynlegum upplýsingum, s.s. fyrirliggjandi upplýsingum um viðskiptamann og viðkomandi viðskipti. Þá skal einnig tilgreina þann frest sem lífeyrissjóðurinn hefur til að framkvæma viðskiptin, ef þau hafa ekki verið framkvæmd. Í tilkynningu skulu ekki koma fram nöfn eða önnur auðkenni þess aðila sem tilkynnti regluverði um grunsemdir sínar.

Samkvæmt skriflegri beiðni lögreglu sem rannsakar peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, skal regluvörður láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningarinnar.

Regluvörður skal án tafar tilkynna eigendum, utanríkisráðherra og fjármálaeftirliti Seðlabankans um frystingu fjármuna.

Regluvörður skal skrifa skýrslu um sérhverja athugun og niðurstöður hennar.

IV. kafli Innra skipulag o.fl.

9. Áhættumat

Regluvarsla skal sjá til þess að framkvæmt sé áhættumat út frá hættunni á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Við gerð áhættumats skal hafa áhættumat ríkislögreglustjóra til hliðsjónar.

Áhættumat skal uppfært á tveggja ára fresti eða oftár ef tilefni er til. Ávallt skal framkvæma áhættumat áður en nýjar vörur eða þjónusta er sett á markað og ef teknar eru í notkun nýjar dreifileiðir eða tækni.

10. Verklag

Framkvæmdastjóri skal tryggja að reglur þessar séu innleiddar með viðeigandi verkferlum, vinnulýsingum og eftirlitsaðgerðum, eftir því sem við á.

11. Ráðning og þjálfun

Við ráðningu starfsfólks skal kanna náms- og starfsferil umsækjanda, sakaferil og aðra þætti sem koma til álita við mat á því hvort viðkomandi sé í aðstöðu sem eykur hættu á því að viðkomandi tengist ólögumháttsemi.

Framkvæmdastjóri skal tryggja að fulltrúar fái viðeigandi þjálfun um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur þessar við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstímanum.

- Nýir fulltrúar skulu kynna sér reglur lífeyrissjóðsins;
- Fulltrúar skulu taka þátt í námskeiðum á vegum regluvörslu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Fulltrúar skulu fá viðeigandi fræðslu er breytingar á viðkomandi reglum eða verklagi eiga sér stað.

Með fræðslu skal tryggt að fulltrúar þekki skyldur sínar og lífeyrissjóðsins vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og afleiðingar þess ef þær eru ekki virtar. Þá skal fræða

fulltrúa um helstu aðferðir við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hvar helstu hættur liggja, helstu vísbendingar sem geta vakið upp grunsemdir og hvernig skuli bregðast við slíku, auk þess að fræða um helstu þróun innan málaflokksins.

12. Varðveisla upplýsinga

Þau gögn sem aflað er í tengslum við áreiðanleikakannanir skulu varðveitt í að minnsta kosti 5 ár frá því viðskiptasambandi lýkur. Gögn varðandi viðskiptamenn og viðskipti skulu varðveitt með skipulegum og öruggum hætti, þannig að fullnægjandi yfirsýn sé tryggð og unnt að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá yfirvöldum. Gæta skal þess að varðveitt gögn séu nægjanleg til að yfirvöldum sé unnt að gera sér grein fyrir því hvernig staðið var að áreiðanleikakönnun viðskiptamanns og hvernig einstök viðskipti voru framkvæmd.

Skýrslur regluvörslu og upplýsingabætur frá lögreglu í tengslum við rannsóknir á grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, og önnur samskipti við yfirvöld í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu varðveitt í að minnsta kosti 5 ár.

Heimilt er að miðla upplýsingum um viðskiptavinum í samræmi við skilyrði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

13. Regluvörður

Stjórn ber ábyrgð á að lífeyrissjóðurinn fylgi lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglum þessum. Stjórn staðfestir skipan regluvarðar sem sérstakan ábyrgðarmann samkvæmt lögum nr. 140/2018, og staðgengil hans, hér nefndur regluvörður.

Regluvarsla skal hafa eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við lög og viðeigandi staðla. Regluvarsla skal auk þess rannsaka grunsamleg viðskipti, senda tilkynningar til lögreglu og hafa umsjón með samskiptum við yfirvöld er varða aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og tryggja skilvirkni slíkra samskipta.

Regluvörður skal tryggja að stjórn sé nægilega upplýst um áhættur að því er varðar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svo henni sé kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr og stýra slíkum áhættum. Regluvörður skal veita stjórn skýrslu um framkvæmd reglna þessara eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Stjórn leggur mat á skýrsluna og kveður á um aðgerðir til úrbóta, eftir atvikum.

14. Gildistaka og birting

Reglur þessar taka gildi við samþykki stjórnar.

Reglurnar skulu kynntar og vera aðgengilegar fulltrúum lífeyrissjóðsins.


15. Orðskýringar

Í reglum þessum merkir:

- Fulltrúar lífeyrissjóðsins:* Með fulltrúum lífeyrissjóðsins er átt við starfsmenn sjóðsins og þá sem sinna þjónustu sem sjóðurinn hefur útvistað.
- Peningabætti:* Þegar aðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt lögum, sbr. nánari skilgreiningu í [lögum nr. 140/2018](#). Viðkomandi aðili þarf ekki að hafa átt þátt í frumbrotinu, né þarf frumbrotið að hafa átt sér stað innan íslenskrar lögsögu.
- Fjármögnun hryðjuverka:* Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja hryðjuverk, þ.e. brot sem er refsivert skv. 100. gr. a. – 100. gr. c. almennra hegningarlaga.
- Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir:* Þvingunaraðgerðir sem Ísland er þátttakandi að á grundvelli [laga nr. 93/2008](#), um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, sem og þvingunaraðgerðir ESB, Bandaríkjanna og Bretlands.
- Viðskiptamaður:* viðskiptamenn lífeyrissjóðsins í skilningi þessara reglna eru lífeyrisþegar og lántakar.

- f) *Viðurkennd persónuskilríki:* Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði.
- g) *Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnáátengsla:* Einstaklingar sem búsettir eru utan Íslands og falin hafa verið mikilvæg opinber störf, nánustu fjölskyldumeðlimir þeirra og aðilar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra. Með mikilvægum opinberum störfum er í þessu sambandi t.d. átt við æðstu stjórnendur í stjórnsýslu, dómara og saksóknara, áhrifamikla stjórnáamenn og háttsetta yfirmenn í ríkisfyrirtækjum, sbr. nánari skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar nr. 811/2008.

Samþykkt af stjórn LSBÍ þann 30. mars 2020


Brynja Þorbjörnsdóttir
